

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umboðsmadur.is

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.03.2018
Málalykill	0080
Mál nr.	1803346

Reykjavík, 19. mars 2018

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Í ársskýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2016, bls. 15-16, lýsti umboðsmaður því að hann hefði veitt því athygli að í málum þar sem ráða ætti opinbera starfsmenn eða skipa embættismenn virtist hin síðari ár oft hafa verið farin sú leið af hálfu stjórnvalda eða þeirra ráðningarfyrirtækja sem þau hefðu leitað til að tilgreina þau sjónarmið sem mat á umsækjendum væri grundvallað á og þeim gefið ákvæðið væri. Umsækjanda væru síðan gefin stig fyrir hvert sjónarmið og heildarstigagjöf hans reiknuð út. Síðan sagði: „Sá umsækjandi sem hlýtur flest stig telst jafnan vera hæfasti umsækjandinn að mati veitingarvaldshafans. Tilgreining sjónarmiða og ákvörðun um innbyrðis vægi þeirra áður en umsækjendur eru metnir á þeim grundvelli er almennt í góðu samræmi við það verkefni veitingarvaldshafa að meta umsækjendur á grundvelli faglegra verðleika. Ég hef hins vegar síðari ár orðið þess var að framangreindri aðferð sé beitt með of formlegum eða fortakslausum hætti en minna fari fyrir efnislegu mati á þekkingu og getu umsækjenda.“ Umboðsmaður lauk þessari umfjöllun með þessum orðum: „Almennt tel ég að miðað við eðli þeirrar matskenndu ákvörðunar sem ráðning í opinbert starf er og þau sjónarmið sem til greina kemur að byggja á við slíka ákvörðun þurfi að gæta varfærni þegar sú leið er farin við mat á umsækjendum að láta niðurstöðuna ráðast af tölulegu mati með þeim hætti sem lýst hefur verið hér að framan.“

Þessi umfjöllun, sem birt var í ágúst 2017, var byggð á upplýsingum og gögnum sem komið höfðu fram við athuganir umboðsmanns á ýmsum málum og ábendingum sem honum höfðu borist. Eftir þetta hafa umboðsmanni áfram borist ýmsar ábendingar og kvartanir þar sem reynt hefur á þessi sömu atriði. Í bréfi sem umboðsmaður ritaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis 2. mars sl. fjallaði hann á bls. 7-10 um stigagjöf af því tagi sem lýst var hér að ofan og þá m.a. í ljósi reglna stjórnsýsluréttarins um málefnaleg sjónarmið. Umboðsmaður tók fram að hann hefði haft til athugunar að stofna til frumkvæðismáls á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þar sem það álitamál sem hann vakti máls á í ársskýrslunni 2016 og reifað var

hér að framan, yrði tekið til nánari athugunar. Umboðsmaður tók fram að hann hefði þá í huga að draga fram dæmi um þessa annmarka og hvort tilefni væri til þess að setja fram almenn sjónarmið, m.t.t. reglna stjórnsýsluréttarins, úrlausna dómstóla og vandaðra stjórnsýsluhátta, um að hvaða leyti þurfi að vanda betur til þessara mála. Umboðsmaður lýsti því nánar í bréfinu hvers vegna ekki hefði enn orðið af slíkri frumkvæðisathugun og tók fram að til frekari undirbúnings ákvörðunar um hvort ráðist yrði í umrædda athugun og hvernig hún yrði þá afmörkuð myndi hann á næstunni óska formlega eftir gögnum frá ákveðnum stjórnvöldum um matsgerðir vegna umsækjenda um störf. Eftir athugun þeirra gagna og fyrirliggjandi gagna í málum sem umboðsmanni hafa áður borist yrði síðan tekin ákvörðun um hvort ráðist yrði í umrædda frumkvæðisathugun og þá tilkynnt um nánari afmörkun hennar og hlutaðeigandi stjórnvöldum gefinn kostur á að senda umboðsmanni skýringar, ef þörf væri talin á slíku.

Í samræmi við framangreint óskar umboðsmaður Alþingis eftir því, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, að Garðabær veiti nauðsynlega aðstoð með því að láta í té eftirfarandi upplýsingar og aðgang að umbeðnum gögnum:


1. Óskað er eftir að umboðsmanni verði afhent yfirlit yfir þau stjórnunarstörf sem ráðið var í hjá sveitarfélaginu á árunum 2015, 2016 og 2017. Með því er t.d. átt við forstöðumenn og stjórnendur sviða og stofnana, s.s. grunn- og leikskóla, svo eitthvað sé nefnt. Fram komi í yfirlitinu hvaða starf var um að ræða, hver var ráðinn, frá hvaða tíma og til hvaða tíma ef um tímabundna ráðningu var að ræða og hvort og hvenær starfið var auglýst.
2. Óskað er eftir að í yfirliti, sbr. spurningu 1, komi fram í hvaða tilvikum sérstaklega skipuð nefnd eða lögbundin hæfnis- eða dómnefnd hefur metið hæfi og/eða hæfni umsækjenda og þá hvaða nefnd, þ.m.t. upplýsingar um lagaákvæði og reglur sem um hana gilda, og hverjir hafi setið í nefndinni. Þá er óskað eftir að fram komi hvar gögn úr starfi viðkomandi nefndar eru varðveitt, sbr. lög nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn.
3. Óskað er eftir að í yfirliti, sbr. spurningu 1, komi fram í hvaða tilvikum hafi verið fengin utanaðkomandi aðstoð eða ráðgjöf ráðningarfyrirtækis eða annars sérfróðs aðila við ráðningu, þó ekki nefndar samkvæmt spurningu 2 hér að framan, við mat á umsóknum og hæfni umsækjenda.
4. Umboðsmaður mun að fengnum svörum við framangreindum spurningum og að höfðu samráði við Garðabæ senda starfmann sinn í heimsókn til að fara yfir gögn í málum vegna síðustu 20 ráðninga, þó þannig að hafi fleiri en einn starfsmaður verið ráðinn í tilefni

af sömu auglýsingu/matsferli telst slíkt vera ein ráðning í þessu tilvik. Við athugun á vettvangi er gert ráð fyrir að tekin verði afrit af þeim gögnum úr málunum sem veita upplýsingar um þau atriði sem frumkvæðisathugunin kann að beinast að. Það er því óskað eftir að Garðabær tilgreini af sinni hálfu þann starfsmann sem hafa á samband við vegna þessarar heimsóknar og könnunar á viðkomandi gögnum. Þess er jafnframt óskað að starfsmanni umboðsmanns verði séð fyrir aðstöðu til þess að fara yfir umrædd mál og aðstoð við afritun þeirra gagna sem starfsmaðurinn óskar eftir. Tekið skal fram að þessi háttur er hafður á til þess að lágmarka umfang þeirra skjala sem aflað verður og auðvelda vinnslu málsins.

Með bréfi þessu fylgir fyrirmynd að skjali sem óskað er eftir að notað verði við skil á upplýsingum skv. 1., 2. og 3. spurningu. Rafræn skrá til að fylla út umbeðnar upplýsingar verður send ef beiðni þar um berst á netfangið postur@umb.althingi.is. Þess er jafnframt óskað að svörum verði skilað rafrænt á það netfang. Hið sama á við um upplýsingar um þann starfsmann sem mun af hálfu Garðabæjar aðstoða við könnun gagna, sbr. spurningu 4.

Umboðsmaður Alþingis leggur að síðustu áherslu á að ofangreind athugun beinist aðeins að tilteknum þætti í þeim ráðningum sem hér kunna að koma við sögu. Umboðsmaður væntir þess að eiga góða samvinnu við þau ráðuneyti, stofnanir ríkisins og sveitarfélög sem þessi beiðni er send til um að umbeðin gögn og upplýsingar berist honum sem allra fyrst og eigi síðar 13. apríl nk. Gangi það eftir mun umboðsmaður leggja áherslu á að taka sem fyrst ákvörðun um formlega frumkvæðisathugun á málinu og í hvaða tilvikum þarf þá að afla frekari skýringa stjórnvalda með það að markmiði að niðurstaða slíkrar athugunar liggi fyrir í lok júní á þessu ári.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis



Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
forstöðumaður frumkvæðisathugana